

**Sóltún, Reykjavík**  
**08 447**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstjóra .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Sóltún, Reykjavík

Fjárlagaliðurinn er í umsjón Sjúkratrygginga Íslands

Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstjóra

Sóltún, Reykjavík er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 25 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.740,2 milljónir og afkoma kr. 24,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 24,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 39,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sóltúns, Reykjavík í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri staðfestir hér með ársreikning Sóltúns, Reykjavík fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. október 2021

María Heimisdóttir  
Forstjóri

Stjórn;

Vilborg Þ. Hauksdóttir, formaður

Guðjón Bjarni Hálfðánarson, varaformaður

Guðmundur Magnússon, meðstjórnandi

Jónína Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Valgerður Sveinsdóttir, meðstjórnandi“

(Undirritun rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.601.900.000	1.685.300.000
Seld þjónusta .....	3	<u>138.300.400</u>	<u>151.453.785</u>
<b>Tekjur samtals</b>		1.740.200.400	1.836.753.785
<b>Gjöld</b>			
Annar rekstrarkostnaður .....	4	<u>1.715.584.183</u>	<u>1.727.172.866</u>
<b>Gjöld samtals</b>		1.715.584.183	1.727.172.866
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		24.616.217	109.580.919
<b>Afkoma ársins</b>		<u>24.616.217</u>	<u>109.580.919</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		10.926.630	0
Tengdir aðilar .....	5	<u>28.205.679</u>	<u>154.802.689</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>39.132.309</u>	<u>154.802.689</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>39.132.309</u>	<u>154.802.689</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	6		
Hrein eign .....		<u>24.616.217</u>	<u>22.936.173</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>24.616.217</u>	<u>22.936.173</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	7	<u>14.516.092</u>	<u>131.866.516</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>14.516.092</u>	<u>131.866.516</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>39.132.309</u>	<u>154.802.689</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	8		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		24.616.217	109.580.919
		24.616.217	109.580.919
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(10.926.630)	0
Tengdir aðilar .....		103.660.837	(241.447.435)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(117.350.424)	131.866.516
		(24.616.217)	(109.580.919)
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		0	0
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## **Skýringar**

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.601.900.000	1.685.300.000
	<u>1.601.900.000</u>	<u>1.685.300.000</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.498.700.000	0	0	1.498.700.000
Fjáraukalög .....	3.200.000	0	0	3.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	100.000.000	0	0	100.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.601.900.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.601.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(1.577.283.783)	0	0	(1.577.283.783)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>24.616.217</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>24.616.217</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Gjöld fyrir vistun .....	138.300.400	151.453.785
	<u>138.300.400</u>	<u>151.453.785</u>

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Samningsbundin kaup og leiga .....	1.715.584.183	1.727.172.866
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>1.715.584.183</u>	<u>1.727.172.866</u>

**31.12.2020**      **31.12.2019**

### 5 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	28.205.679	154.802.689
	<u>28.205.679</u>	<u>154.802.689</u>

### 6 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1 .....	22.936.173	(86.644.746)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(22.936.173)	0
Afkoma ársins .....	24.616.217	109.580.919
Jöfnuður 31.12. ....	<u>24.616.217</u>	<u>22.936.173</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2020 og B-deild Stjórnartíðinda.

## Skýringar

### 8 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Fjárlagaliðurinn hefur gert skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamning til ársins 2027. Árlegar greiðslur vegna samningsins munu nema kr. 1.546,9 milljónir.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðarins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.